

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2011
Tilv.: 6.2

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innlenda framleiðslu innrennslisvökva til notkunar í lækningaskyni, 294. mál

Landspítali hefur fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Markmið tillögunar er að fela velferðarráðherra að kanna hagkvæmni þess að hefja að nýju framleiðslu á innrennslisvökva hér á landi.


Jákvætt er að gerð verði hlutlæg könnun á hagkvæmni slíkrar framleiðslu. Rétt er að draga fram atriði í tengslum við upplýsingar sem koma fram í greinagerð með þingsályktuninni og álitni starfshóps frá árinu 2005 og bæta nokkrum við til upplýsingar:

- Í nefndri skýrslu kom fram að innlend framleiðsla væri engan veginn hagkvæm. Vantaði 25 mkr. upp á að hún stæði undir árlegum rekstrarkostnaði. Þar fyrir utan stofnkostnaður áætlaður 672 mkr. Samt átti eftir að meta kostnað vegna hugsanlegra einkaleyfa fyrir umbúðir og framleiðsluforskriftir. Skýrslan var einnig gerð í skugga fuglaflensuveirunnar. Mat á innlendri þörf bar þess veruleg merki. Könnun yrði væntanlega gerð í skugga þess mikla atvinnuleysis sem er á Íslandi. Fyllstu hlutlægni verður að gæta í nýrri skýrslu og horfa til lengri tíma en láta ekki skammtímavanda glepja sýn.
- Framleiðsla á innrennslisvökva er mjög sérhæfð og til hennar gerðar ströngustu gæðakröfur eins og skýrt kemur fram í skýrslunni. Umbúðir skipta einnig verulega miklu máli m.t.t. öryggis sjúklinga og starfsmanna, vinnuvistverndar og umhverfisþátta. Eru þær einn af helstu áhættuþáttum framleiðslunnar. Í dag eru innrennslisvökvar keyptir frá þremur birgjum m.a. til að ná hámarkshagkvæmni og sveigjanleika. Í litlum framleiðslueiningum eins og væntanlega yrði á Íslandi gæti orðið dýrt ef nýta yrði sama sveigjanleika og fæst með því að hafa tiltæka mismunandi birgja. Á ákveðnum deildum spítalans þar sem innrennslisvökvar eru mjög mikið notaðir hafa komið fram algaseinkenni í únlíð og öxlum vegna átaks við að nota ákveðna ódýrari tegund poka. Sömu pokar henta mjög vel á öðrum deildum. Þess vegna geta fleiri en færri birgjar verið kostur.
- Á síðustu árum hefur verð hér á innrennslisvökva lækkað sé tillit tekið til gengisáhrifa og samkeppni seljanda er mjög hörð. Kaup á þessum vörum eru útboðsskyld og verð á íslenski framleiðslu yrði að vera jafnlágt eða lægra en á erlendri framleiðslu að því tilskildu að gæðin væru þau sömu. Það þýddi í reynd að niðurgreiða yrði vöruna miðað við nefndar tölur um hagkvæmni.

- Vegna legu landsins, flutnings- og framleiðslukostnaðar er óraunhæft að gera ráð fyrir útflutningi á þessari framleiðslu.
- Ýmis lagaleg atriði voru ókönnuð í skýrslunni frá 2005 s.s. leyfi LSH til framleiðslu vökva til eigin nota og fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir. Fyrir nokkrum árum gerði Actavis athugun á því hvort hagkvæmt væri að koma á fót verksmiðju til framleiðslu á innrennslisvökvum. Niðurstaða fyrirtækisins var neikvæð.
- Afhendingaröryggi miðað við samninga við núverandi birgja er allgott. Þeir eru skuldbundnir til að liggja með þriggja mánaða birgðir miðað við notkun í landinu. Að auki er gert ráð fyrir að birgjar haldi lager í völdum liðum sem nægi komi til þriggja mánaða farsóttar.

Að öðru leyti gerir Landspítali ekki efnislegar athugasemdir við þessa tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllt,
f.h. Landspítala



María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri